



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Umsögn Náttúruverndarsamtaka Íslands um Rammaáætlun

Boston 3. maí 2010

Í ræðu Katrínu Júlíusdóttur, iðnaðarráðherra (dags. óljós), á Opnum fundi samráðsfundi um orkumál¹ sagði ráðherrann að

Ísland hefur ekki áður mótað sér heildstæða orkustefnu.

Þessi yfirlýsing iðnaðarráðherra lýsir e.t.v. því stjórnleysi sem ríkt hefur á Íslandi. Ekki bara í efnahagsmálum eða fjármálum heldur einnig orku- og umhverfismálum.

Annað nýlegt dæmi er svar iðnaðarráðherra við ítrekuðum áskorunum nokkurra náttúruverndarsamtaka um að upplýsa hvar eigi að afla orku fyrir 360 þúsund tonna álver í Helguvík.

Svar iðnaðarráðherra minnir sterklega á stjórnsýsluna fyrir hrun. Það er eftirfarandi:

Þar sem iðnaðarráðherra kemur ekki að orkuöflun fyrir álver í Helguvík eru eftirfarandi svör byggð á upplýsingum frá framkvæmdaraðila og orkufyrirtækjunum

Með öðrum orðum: Iðnaðarráðherra svarar með svári sem er ekkert svar. Hún vísar á einhverja aðila sem eigi að viti betur en hún. Þannig fríar hún sjálfa sig ábyrgð.

¹ <http://www.idnadarraduneyti.is/radherra/raedur-greina-KJ/nr/2851>

Endurreisnin gerir kröfu um að stjórnámálamenn upplýsi almenning um mikilvæg hagsmunamál og ef iðnaðarráðherra veit ekki hvernig afla eigi orku fyrir 360 þúsund tonna álver í Helguvík er henni skylt að greina frá því svo sé hægt sé að taka afstöðu til framkvæmdanna með eðlilegum og heilbrigðum hætti. Annað leiðir til sams konar leyndarhyggju og ábyrgðarleysis og við erum nú að súpa seyðið af.

Hvernig er unnt að vinan Rammaáætlun ef iðnaðarráðherra getur ekki svarað því hvernig afla skuli orku fyrir 360 þúsund tonna álver í Helguvík?

Rammaáætlun, náttúruverndaráætlun, nefndir um nýtingu orku, um endurskoðun náttúruverndarlaga, um endurskoðun skipulagslaga eru málaflokkar snerta tvö eða fleiri ráðuneyti en Stjórnarráð Íslands virðist ófært um að taka sameiginlegar ákvarðanir. Þess í stað er eins og hvert ráðuneyti sé einskona lén sem flokkur, kjördæmi eða jafnvel hagsmunaaðilar fá svo að segja afhent sér til óskoraðra yfiráðna, að ekki sé talað um ráðherrann í þessari eða hinni stjórninni.

Á sama tíma og Rammaáætlun er sögð samin í samráði við umhverfisráðherra² fullyrða aðrir ráðherrar, Landsvirkjun og aðrir hagsmunaaðilar að lúkning þess verkefnis verði startskot fyrir framkvæmdir við nýjar virkjanir. Virðist þá litlu skipta hvað orkunefndin, loftslagsnefndin, náttúruverndaráætlun eða endurskoðun náttúruverndarlaga muni leiða fram.

Á hinn bóginn kemur skýrt fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að

Náttúruvernd verði hafin til vegs og staða hennar innan stjórnarráðsins styrkt til muna. Náttúruverndarlög verði endurskoðuð, verndarákvæði treyst og almannaréttur tryggður. Sérstaklega skal hugað að náttúruvernd strandsvæða og verndunar svæða í sjó.

Friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað og friðun þess lokið hið fyrsta. Ný náttúruverndaráætlun til 2013 verði afgreidd á vorþingi.

² Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir: *Nýtt umhverfis- og auðlindaráðuneyti fær auk þeirra verkefna sem fyrir eru lykilllutverk varðandi rannsóknir, nýtingarstefnu, ráðgjöf og verndun á sviði auðlindamála. Þangað flyst enn fremur umsýsla Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða.* Sjá: <http://www.stjornarrad.is/Stefnuyfirlýsing/>

Rekstur og uppbygging þjóðgarða og friðlýstra svæða verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að sameina stjórn þeirra, styrkja stöðu þeirra og styðja við fjölbreytta atvinnuuppbyggingu um allt land.³

Ríkisstjórnin hefur starfað í eitt ár en engin áætlun liggur enn fyrir um hvernig eigi að vinna úr þessum málum. Hvergi bólar á heildaryfirsýn, framtíðarsýn eða viðurkenning á að slík sýn eigi undanbragðalaust að liggja fyrir áður en ráðist er í fleiri virkjanir og/eða álver.

Náttúruverndarsamtök Íslands telja nauðsynlegt að fyrir liggja hvert „lykilhlutverk“ umhverfisráðuneytisins verði „... varðandi rannsóknir, nýtingarstefnu, ráðgjöf og verndun á sviði auðlindamála.“ líkt og segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, áður en gengið verður frá Rammaáætlun.

Kynningarfundir um Rammaáætlun staðfesta að mikil og góð vinna hefur farið fram í faghópi 1 og 2 en meginmarkmið verkefnisins;⁴ „... að skapa sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða“ er enn jafn langt undan og var fyrir 10 árum. Frá þeim tíma að vinna hófst við fyrsta áfanga Rammaáætlunar hefur orkuframleiðsla tvöfaldast í landinu og enn er rætt um virkjun Dettifoss í tveimur útgáfum.⁵ Stækkun friðlands í Þjórsárverum er ófrágengin. Friðlýsing Langasjávar er ófrágengin. Og íbúar við Þjórsá eru enn í varnarstöðu. **Í því ljósi er allt tal um sættir út í hött!**

Það er gagnrýni vert að verkefnisstjórn 2. áfanga Rammaáætlunar hafi látið niðurstöður faghópa í umsagnarferli áður en niðurstöður þeirra voru samræmdar. Til dæmis voru faghópar 1 og 2 ekki með sömu virkjunarkosti undir. Einnig er ámælisvert að málið hafi verið sett í kynningu áður en grunnöggn faghópa (a.m.k. faghóps 1) voru tekin endanlega saman og gerð opinber.

Náttúruverndarsamtök Íslands gagnrýna að einungis lítill hópur fólks (iðnaðarráðherra, örfáir embættismenn, þingmenn stjórnflokka og fáeinir aðrir útvaldir) hafa vitneskju um innihald

³ Sjá: <http://www.stjornarrad.is/Stefnuyfirlysing/>

⁴ Erindisbréf verkefnisstjórnar Rammaáætlunar, dags. 24. ágúst 2007. Í stefnuyfirlýsingu sitjarnandi ríkisstjórnar segir: *Lögð er rík áhersla á að ljúka gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða sem allra fyrst og hún verði lögð fyrir Alþingi á vetri komanda og fái lögformlega stöðu í stjórnkerfinu. Engar frekari ákvarðanir tengdar virkjun Neðri-hluta Þjórsár verði teknar þar til rammaáætlun liggur fyrir.*

⁵ Orkuvinnsla nær þrefaldaðist (2,77 faldadist) frá árslokum 1989 (925,5 Mw) og til ársloka 2008 (2574 Mw) eða á þeim tíma sem liðin er frá því að Hjörleifur Guttormsson reifaði fyrst hugmyndir um nokkurs konar rammaáætlun.

Orkuvinnsla nær tvöfaldaðist (jókst um 99%) frá árslokum 1998 (1213 Mw) og til ársloka 2008 (2574 Mw) en í ársbyrjun 1999 hófst vinna við Rammaáætlun.

Orkuvinnsla nær jókst um 74% frá árslokum 2003 (1475 Mw) og til ársloka 2008 (2574 Mw) en vinnu við 1. áfanga Rammaáætlunar lauk 2003. – Heimild: Orkustofnun og Hagstofu Íslands.

frumvarps iðnaðarráðherra um Rammaáætlun. Frumvarpið var kynnt í þingflokkum stjórnarflokkana áður en niðurstöður faghópa voru kynntar og segir vafalaust sína sögu um hver markmið og tilgangur iðnaðarráðherra er með Rammaáætlun er. Um það vita þó örfáir aðrir en allir vita að engin sátt ríkir á milli þingflokka Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs um afgreiðslu málsins. Væri ekki betra að viðra málið og ræða opinskátt?

Það er krafa Náttúruverndarsamtaka Íslands að niðurstöður allra fjögurra faghópanna í 2. áfanga verði samræmdar þannig að allir faghóparnir gangi út frá sömu virkjunarkostum, en hafi ekki misjafnlega marga virkjunarksoti undir. Hér ber að horfa til þeirra virkjunarkosta sem faghópur 1 vann með, en þeir voru teknir með á grundvelli gæðamats á gögnum um virkjunarkostina. Ennfremur fara samtökin fram á það að öll friðlýst svæði verið undanskilin og tekin út úr rammaáætluninni áður en verkefnisstjórn hefst handa við að flokka virkjunarkosti. Annað væri alvarleg atлага að náttúruvernd og lífsgæðum í landinu.

Þann 15. maí 2001 sagði forsætisráðherra, Davíð Oddsson, í ræðu á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins, að

Líkur hafa aukist upp á síðkastið á því að vel takist til við ákvarðanir um nýjar virkjanir og stóriðju. Gangi það eftir munu áhrif þess á hagvöxt í landinu næstu 10 árin eða svo verða mjög mikil. Ísland mun þá ná þeim árangri að búa við tveggja áratuga samfellt hagvaxtarskeið. Mun það vafalaust styrkja stöðu þjóðarinnar varanlega, jafnt inn á við sem út á við.⁶

Þegar þessi orð voru sögð var frestur til að gera athugasemdir við nýútkomna skýrslu Landsvirkjunar um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar ekki liðinn. Óhætt er að fullyrða að úttekt Þorsteins Siglaugssonar hagfræðings á arðsemi virkjunarinnar hafi vakið hvað mesta athygli þegar Náttúruverndarsamtökin skiluðu sínum athugasemdum við matsskýrsluna. Nú – tæpum áratug síðar - hefur fyrirtækið séð hag sinn í því að upplýsa ögn betur um orkuverð til stóriðju. Nýr forstjóri fyrirtækisins hefur lýst því yfir að „... við eigum að gera meiri kröfur um arðsemi.”

⁶ <http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/959>


Umræða um arðsemi virkjana hefur valdið viðhorfsbreytingu í samfélaginu. Talsmenn virkjanaframkvæmda hafa jafnan kynnt sig sem boðbera framþróunar og uppbyggingar og sakað náttúruunnendur um óraunhæfa, rómantíska og tilfinningaþrungna afstöðu til auðlinda náttúrunnar. Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis sýnir ótvírætt, að stjórnvöld ætluðu að leika þá list að bæði éta kökuna og eiga hana – hagstjórnin varð nafnið eitt. Þessi nakta nytjahyggja byggði ekki síst á gamaldags framfararómantík sem blómstraði upp úr aldamótunum 1900.

Þeim sem lesa skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis verður fljótlega ljóst að gagnrýni á hagstjórnina var mjög illa séð. Sérstaklega ef slík gagnrýni kom erlendis frá. Þjóðhagsstofnun var einfaldlega lögð niður og Hagfræðistofnun HÍ tekin á leigu. Hið sama gildi í umhverfismálum, Náttúruvernd ríkisins var lögð niður verkefni hennar færð undir nýja Umhverfisstofnun.

Það er krafa Náttúruverndarsamtaka Íslands að gerð verði rækileg úttekt á því hvort markmið stjórnvalda með byggingu Kárahnjúkavirkjunar hafi gengið eftir. Í niðurstöðum faghóps 3 er almennt fjallað virkjanir en hvergi minnst á hvort markmið stjórnvalda með byggingu Kárahnjúkavirkjunar hafi náðst – svo dæmi sé tekið. Til dæmis hvað varðar byggðapróun á Austurlandi. Ljóst er þó að Landsvirkjun hefur átt í fjárhagskröggum, fyrirtækið hefur notið fyrrigreiðslu hins opinbera til að geta staðið við lánagreiðslur og ekki getað greitt arð til eigenda sinna. Jafnframt er ljóst að Orkuveita Reykjavíkur á í miklum fjárhagslegum vandræðum og hið sama gildir um önnur sveitarfélög sem gengist hafa í ábyrgð vegna fyrirhugaðra orkuframkvæmda.

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,



Árni Finnsson, formaður.

Viðauki I

Tímaritið Útvera 061004

Um verndun hálandisins

Undanfarin ár hefur stefna stjórnvalda í virkjunarmálum í orði einkennst af tali ráðamanna um nauðsyn þess að ná sáttum um nýtingu orkuauðlinda en á borði af mikilli hörku gegn sjónarmiðum náttúruverndar. Dæmi um hið fyrrnefnda eru heiftarleg viðbrögð ráðamanna við úrskurði Skipulagstofnunar um Kárahnjúkavirkjun frá 1. ágúst 2001 þar sem lagst er gegn Kárahnjúkavirkjun vegna þeirra náttúruspjalla sem virkjunin hefur í för með sér.

Á tyllidögum tala ráðamenn á hinn bóginn um nauðsyn þess að ná þjóðarsátt um nýtingu orkuauðlinda landsins og í því skyni var kynnt Rammaáætlun um nýtingu vatnsafl og jarðvarma að norskri fyrirmynd skömmu fyrir kosningar 1999.

Daginn eftir að þáverandi iðnaðar- og umhverfisráðherrar, Finnur Ingólfsson og Guðmundur Bjarnason kynntu áætluna þann 9. mars 1999 var haft eftir Guðmundi Bjarnasyni í Morgunblaðinu að Rammaáætlunin skyldi ná til allra virkjunarframkvæmda annarra en þeirra sem þegar væru hafnar. Var þar fyrst og fremst átt við Fljótsdalsvirkjun og miðlunarlón við Eyjabakka.

Fyrirverandi umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, sagði á Alþingi þann 14. febrúar árið 2000, að

... Ég tel rammaáætlun þá sem verið er að hefja vinnslu á núna, Maður, nýting, náttúra, mjög mikilvæga og mjög mikilvægt að fara í þá vinnu til að reyna að ná sáttum. Ég teldi ekki rétt að fara í stærri virkjanir án þess að búið væri að ná sáttum um þá rammaáætlun eða afgreiða hana sem heild eða ná niðurstöðu í henni sem heild. Ég teldi það ekki æskilegt.

Örfáum vikum eftir þessa ræðu Sivjar var hafist handa við að undirbúa mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Iðnaðarráðherra, sem hafði forræði í málinu, tilkynnti síðan verkefnisstjórn Rammaáætlunarinnar með bréfi dagsettu 26. maí 2000 að hún muni fá að

... koma sjónarmiðum sínum á framfæri í greinargerð áður en ráðherra tekur ákvörðun um útgáfu virkjunarleyfis [Kárahnjúkavirkjunar].

Það var allt og sumt.

Nú er fyrsta áfanga Rammaáætlunar lokið. Niðurstöður fyrir helstu virkjunarkosti á miðhálandinu voru kynntar í byrjun þessa árs. Engu að síður hefur áætlunin hvorki pólitíska né lagalega stöðu í stjórnkerfinu. Enginn veit hvaða tilgangi hún þjónar fyrir ákvarðantöku stjórnvalda.

Náttúruverndargildi Þjórsárvera er samkvæmt niðurstöðum I. áfanga mjög hátt. Engu að síður hyggst Landsvirkjun með fulltingi stjórnvalda ráðast í virkjunarframkvæmdir þar um leið og færi gefst. Nái þau áform fram að ganga mun það enn þrengja að verunum og rýra náttúruverndargildi þeirra. Formlegt gildi Rammaáætlunar í þessu ákvörðunarferli er ekkert.

Nýr umhverfissráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, segir mikilvægt að ljúka gerð Rammaáætlunar

... svo að heildarsýn fái st yfir alla helstu virkjunarkosti í landinu og áhrif þeirra á umhverfið.

Á þann hátt, sagði ráðherrann á Alþingi í umræðu um stefnuræðu forsætisráðherra þann 4. október s.l.

verða til grunnupplýsingar sem gera okkar fært að samræma vernd og nýtingu orkuauðlinda þjóðarinnar á sjálfbæran hátt í framtíðinni.

Staðreyndin er hins vegar sú að þessar grunnupplýsingar liggja að miklu leyti fyrir og því fátt sem ætti að byrgja mönnum heildarsýn yfir alla helstu virkjunarkosti, hvar beri að virkja og hvað beri að vernda.

Það er freistandi að álykta að ríkisstjórnin treysti á það að draumurinn um óspillta náttúru öræfanna, krafan um verndun miðhálandisins, sú hugmynd að verndun náttúruauðæfa sé í raun skynsamlegasta nýting þeirra, muni von bráðar deyja drottni sínum. Á meðan stjórnvöld bíða þess að svo verði er dembt yfir landsmenn linnulausu auglýsingaflóði á kostnað Landsvirkjunar en stjórnámálamenn hafa uppi almennt orðagjálfur um Rammaáætlun og nauðsyn þess að ná sátt um nýtingu miðhálandisins.

Kröfum um verndun miðhálandisins er enn ósvarað.

Árni Finnsson,
Náttúruverndarsamtök Íslands, formaður.

Viðauki II
Grein eftir Gísli Má Gíslason
Morgunblaðið 30. júlí 2004⁷

Sátt um virkjanir og náttúruvernd.

Í tímabærri forystugrein í Morgunblaðinu 26. júlí er fjallað um álver og virkjanaframkvæmdir. Morgunblaðið spyr hvort það sé „tilraunarinnar virði að leiða saman stuðningsmenn og andstæðinga framkvæmda sem þessara” til að brúa bilið milli hópanna og hvort það sé „hugsanlegt að iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra geti í sameiningu sett af stað samráðsferli, sem hafi það að meginmarkmiði að ná slíkri sátt”. Ég tek undir með Morgunblaðinu að það er löngu orðið tímabært að komast að samkomulagi um hvaða ár og háhitasvæði eigi að nýta til virkjana, og hverjum eigi að ráðstafa til annarra nota, svo sem friðunar. Sem betur fer komu iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra á því samráðsferli árið 1999 sem Morgunblaðið telur nauðsynlegt til „ná sátt um þessi stóru mál”. Ráðherrarnir settu á fót starfshópa um röðun vatnsaflsvirkjana og háhitasvæða m.t.t. náttúruverndar, orkugetu, hagnaðar af orkuvinnslu, ferðaþjónustu og annarrar landnýtingar. Starfið nefndist „Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Maður – nýting – náttúra”. Fyrsti áfangi verkefnisins var birtur í janúar sl. Hann fjallaði um þá virkjanakosti sem búið var að útfæra nokkuð nákvæmlega. Allir sem hafa skoðað þessa skýrslu, þar á meðal sérstakur starfshópur á vegum Landsvirkjunar, eru sammála um að niðurstöðurnar séu trúverðugar.

Í framhaldi af fyrsta áfanga er rétt að fara sömu leið og Norðmenn gerðu um miðjan 9. áratuginn og friðlýsa þau svæði sem hafa hátt náttúruverndargildi og lítil eða miðlungs orkuverðmæti. Morgunblaðið nefnir sérstaklega Þjórsárver og andstöðu við virkjanaáform þar. Um Þjórsárver er það að segja að um verndun þeirra náðist samkomulag, sem m.a. fólst í því að nýta vatn Þjórsár með því að veita því í Þórisvatn og hlífa verunum vestan Þjórsár. Þjórsárver voru friðlýst 1981 samkvæmt Náttúruverndarlögum og síðar tilnefnd sem alþjóðlega mikilvægt votlendi samkvæmt Ramsarsamingnum, sem felur í sér alþjóðlegar skuldbindinar um verndun þeirra. Þjórsárver fengu mjög háa einkunn sem náttúruverðmæti í 1. áfanga Rammaáætlunar, en meðaleinkunn hvað varðar hagnað og litla orkugetu (sambærileg við Kröflustöð). Einnig fengu Jökulá á Fjöllum, Jökulsá á Dal og Markarfljót háa náttúruverndareinkunn, sem og nokkur jarðhitasvæði (t.d. Torfajökulssvæðið). Margir virkjanakostir fengu lága náttúruverndareinkunn, en háa einkunn fyrir hagnað af orkuvinnslu. Landsvirkjun getur því valið milli margra virkjunarkosta án þess að eyðileggja náttúruperlur.

Ég fagna því að Morgunblaðið hefur hafið þessa umræðu á ný, því það nær engri átt að styrjaldarástand skapist um hverja virkjun sem ákveðið er að ráðast í. Miklu nær er að ákveða strax hvaða ár og háhitasvæði verði nýtt til orkuöflunar, og gerðar verði áætlanir um þessa nýtingu. Einnig þarf að taka frá strax með friðlýsingu eða lögum, þau svæði sem menn eru sammála um að séu náttúruperlur sem ekki sé réttlætanlegt að eyðileggja. Að lokum eru svæði sem þarf að athuga betur m.t.t. orkugetu og náttúruverndar og hvort hægt sé að útfæra orkunýtingu á þann hátt að náttúruverndargildi skerðist lítið. Þjórsárver voru einmitt dæmi um slíkt, þegar Þjórsá var nýtt án mikillar eyðileggingar með Kvíslaveitu samkvæmt samkomulagi Landsvirkjunar við Náttúruverndarráð og sveitastjórnir og upprekstrarfélög heimamanna.

⁷ http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=811168

Upphaflega ætlaði Landsvirkjun að gera 200 ferkílómetra lón í Þjórsárverum sem hefði fært öll Þjórsárver á kaf upp að jökli. Þetta lón átti að sjá 220 MW virkjun í Þjórsá, Gljúfurleitarvirjun, fyrir vatni. Eftir þrýsting frá Náttúruverndarráði og alþjóðasamtökum um náttúruvernd var gert samkomulag um Kvíslaveitu. Nú er búið að taka burt 40-50% af því vatni sem áður rann um Þjórsárver og veita því um Kvíslaveitu í Þjórisvatn og síðan í Vatnsfellsstöð (90MW), Sigöldustöð (150 MW), Hrauneyjarfossstöð (210 MW) og í framtíðinni Búðarhálsstöð (60 MW). Þarna fékkst miklu betri nýting og Þjórsárverum vestan Þjórsár var borgið í bili. Aftur á móti fóru ver austan Þjórsár undir vatn og Eyvindarkofaver og Þúfuver hafa misst árnar sem um þau runnu. Í þessu tilfalli náðist samkomulag sem Landsvirkjun hagnaðist verulega á og vesturhluta Þjórsárvera var forðað frá kaffæringu.

Ef farið verður í framvæmdir á Norðlingaölduveitu og nýjum áfanga Kvíslaveitu verður bætt við, er verið að seilast inn í Þjórsárver vestan Þjórsár í bága við samkomulagið frá 1981. Aukning í rafmagnsframleiðslu verður lítil eða engin ef ekki er hægt að geyma vatnið í Þórisvatni, en það hefur orðið fullt á tímabilinu frá mars og fram í júní síðan seinasta áfanga Kvíslaveitu var lokið árið 1996. Því virðist Norðlingaölduveita vera ásókn Landsvirkjunar í vatn sem ekki er hægt að nýta nema að litlum hluta. Norðlingaölduveita er í andstöðu við niðurstöðu 1. áfanga Rammaáætlunarinnar. Þarna er Landsvirkjun að vinna gegn markmiðum iðnaðar- og umhverfisráherra að ná sátt um virkjanaframkvæmdir. Er ekki kominn tími til að Landsvirkjun sætti sig við niðurstöður 1. áfanga Rammaáæltunar, þeirra sáttagerðar sem Morgunblaðið er að kalla eftir?

Gísli Már Gíslason

Höfundur er prófessor í vatnalíffræði við HÍ, formaður Þjórsárveranefndar og starfaði í faghópi um náttúru- og minjavernd Rammaátlunar

Taka útfyrir: Þarna er Landsvirkjun að vinna gegn markmiðum iðnaðar- og umhverfisráherra að ná sátt um virkjanaframkvæmdir.